



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

*Meginmarkmið skólahljómsveita í Reykjavík er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda í tónlist með hljómsveitarstarfi og styðja við tónlistaruppeldi nemenda sinna í samstarfi við skólana.*

## Skólahljómsveitir í Reykjavík - Umsóknir v. 2019-2020

Tekið er á móti umsóknum í skólahljómsveitirnar í Reykjavík **frá og með 29.mars** næstkomandi, **kl.9**. Sækja þarf um í gegnum Rafræna Reykjavík. Formlegur umsóknarfrestur er til 1.júní vegna skólaársins 2019-2020, en hægt er að skila inn umsóknum allt árið vegna yfirstandandi skólaárs hverju sinni.

Inntaka í hljómsveitirnar byggir á m.a. á tímasetningu umsóknar og hvort laust er á hljóðfærið sem sótt er um í skóla hvers barns. Sjá viðmið vegna inntöku í skólahljómsveitirnar hér fyrir neðan. Hægt er að setja athugasemd í umsóknir um t.d. fyrra nám, biðlista og fleira. Þeir sem þegar hafa reynt að sækja um vegna næsta skólaárs eru beðnir að endurtaka umsóknina inn á rétt skólaár.

### Nám og Námsgjöld - haustönn 2019

Í skólahljómsveitum er kennt á öll helstu málm- og tréblásturshljóðfæri auk slagverkshljóðfæra. Einnig eru dæmi um að kennt sé á bassa. Hægt er að leigja hljóðfæri hjá sveitunum. Námsgjöld fyrir haustönn 2019 eru 14.450 kr. og hljóðfæragjald vegna leigu fyrir þá önn er 4.385 kr.

### Metnaðarfullt hljóðfæranám hjá úrvalskennurum

Í skólahljómsveitum er boðið upp á metnaðarfullt hljóðfæranám með vel menntuðum og reynslumiklum kennurum. Námið tekur mið af aðalnámskrá tónlistarskóla.

### Aðaláhersla á samspil - skyldupátttaka

Mikilvægt er að nemendur sem hefja nám í skólahljómsveit geri sér grein fyrir því að aðaláherslan er á samspil og að allir nemendur eiga að taka virkan þátt í æfingum sveitanna og tónleikahaldi. Í einkatímum fá nemendur kennslu og þjálfun í að spila á sitt hljóðfæri.



#### Árbær, Breiðholt og Norðlingaholt

##### Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Aðsetur: Breiðholtsskóli, Arnarbakka 1-3, 109 Reykjavík  
Sími: 664-8156  
Netfang: [snorri.heimisson@rvkskolar.is](mailto:snorri.heimisson@rvkskolar.is)  
Veffang: [skolahljomsveitir.is](http://skolahljomsveitir.is)  
Hljómsveitarstjóri: Snorri Heimisson

#### Laugardalur, Háaleiti og Bústaðahverfi

##### Skólahljómsveit Austurbæjar

Aðsetur: Laugarnesskóli, Kirkjuteig 24, 105 Reykjavík  
Sími: 625-6555 (664 8404)  
Netfang: [rosa.gudrun.sveinsdottir@rvkskolar.is](mailto:rosa.gudrun.sveinsdottir@rvkskolar.is)  
([skolaus@rvkskolar.is](mailto:skolaus@rvkskolar.is))  
Veffang: [skolahljomsveitir.is](http://skolahljomsveitir.is)  
Hljómsveitarstjóri: Vilborg Jónsdóttir  
Hljómsveitarstjóri-afleysing: Rósa Guðrún Sveinsdóttir

#### Grafarvogur, Grafarholt og Úlfarsárdalur

##### Skólahljómsveit Grafarvogs

Aðsetur: Húsaskóli, Dalhúsum 41, 112 Reykjavík  
Sími: 664 8189, 587 8189  
Netfang: [einar.jonsson@rvkskolar.is](mailto:einar.jonsson@rvkskolar.is)  
Veffang: [skolahljomsveitir.is](http://skolahljomsveitir.is)  
Hljómsveitarstjóri: Einar Jónsson

#### Vesturbær, Miðborg og Hlíðar

##### Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar

Aðsetur: Vesturbæjarskóli, Sólvallargötu 67, 101 Reykjavík  
Sími: 664-8189 (861 4661, 561 4661)  
Netfang: [Einar.Jonsson@rvkskolar.is](mailto:Einar.Jonsson@rvkskolar.is)  
([Larus.halldor.grimsson@rvkskolar.is](mailto:Larus.halldor.grimsson@rvkskolar.is))  
Veffang: [skolahljomsveitir.is](http://skolahljomsveitir.is)  
Hljómsveitarstjóri: Lárus Halldór Grímsson  
Hljómsveitarstjóri-afleysing: Einar Jónsson

# Viðmið vegna inntöku nemenda í Skólahljómsveitir Reykjavíkur

Þegar teknir eru inn nemendur í Skólahljómsveitir borgarinnar er stuðst við eftirfarandi viðmið:

- Nemendur sem eru í hljómsveitinni og ætla að halda áfram ganga fyrir.
- Umsóknir sem berast fyrir 1. júní njóta forgangs.
- Umsóknir sem berast eftir 1. júní verða teknar til umfjöllunar áður en starfið hefst.
- Lágmarksaldur nemenda við inntöku í skólahljómsveitir er 8 ár eða 3. bekkur.
- Hafi nemandi verið á biðlista eru meiri líkur á að hann fái pláss í hljómsveit.
- Skólahljómsveitirnar eru fjórar: Skólahljómsveit Austurbæjar, Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, Skólahljómsveit Grafarvogs og Skólahljómsveit Miðbæjar og Vesturbæjar. Hver hljómsveit þjónar ákveðnu afmörkuðu hverfi. Umsóknir sem koma úr hverfi hljómsveitarinnar ganga fyrir.
- Umsóknir nemenda sem eru í 4. bekk ganga að jafnaði fyrir.
- Nemendur sem koma úr tónlistarnámi annars staðar, t.d. öðrum skólahljómsveitum eða öðrum tónlistarskólum, geta gengið fyrir inn í námið en sú afgreiðsla er háð ákvörðun stjórnanda hverju sinni.
- Það getur skipt máli hvaða hljóðfæri er sótt um. Flókin samsetning skólahljómsveita, staðsetninga kennara í skólum og á hvaða hljóðfæri viðkomandi kennari kennir, hefur áhrif á inntöku nýrra nemenda.
- Framboð hljóðfæra í einstökum skólum getur verið breytilegt milli ára.